

HELGAR MENNINGIN


Glæsileg sýning á samtímalist opnuð að Kjarvalsstöðum á morgun

Alþjóðleg nútímalist er yfirskrift mikillar sýningar sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum kl. 16 á morgun. Verða þar til sýnis verk eftir þá tuttugu og sex listamenn sem hæst hefur borið í listasögunni á síðustu áratugum, og ætti sýningin að gefa góða mynd af þeirri þróun sem orðið hefur í myndlistarsögu samtímans og þá sérstaklega í Bandaríkjunum, á Ítalíu, í Þýskalandi og Frakklandi. Segja forráðamenn Kjarvalsstaða að aldrei áður hafi verk svo margra merkra listamanna verið saman komin innan veggja listasafns á Íslandi.

Sýningin er hingað komin frá listasafni Epinal í Frakklandi, en þar hafa forsvarsmenn lagt áherslu á að safna og fylgja eftir þeim listastefnum sem fram komu í byrjun 7. áratugarins og stundum eru kenndar við postmodernisma, svo sem popplist, minimalismi, art povera og conceptlist. Á safnið nú eitt stórfenglegasta úrval nútímalistar í heiminum.

Safnið í Epinal hét upphaflega Héraðslistasafnið í Vosges og var stofnsett árið 1822. Stofn þess voru einkasöfn hertogans af Choiseul og prinsins af Sam, auk þess sem sýslan átti gott safn listaverka. Auk nútímalistarinnar á safnið nú óvenjulega stórfengleg listaverk frá fyrri tíð; fornleifamuni, listaverk frá gallísk-rómverskum tíma, málverk frá 16. og 17. öld, svo sem eftir Georges de la Tour, Boucher, Fragonard og Watteau, og alþýðuteikningar, sem kenndar eru við borgina Epinal.

Safnið í Epinal átti lítið sem ekkert af nútímalist þegar núverandi safnstjóri, Bernard Huin, tók við stjórn þess. Hann á því heiðurinn af einstöku úrvali nútímalistar sem þar er nú að finna. Hefur hann lagt áherslu á að fylgjast með þeim breytingum sem komu fram með popplistinni, sem hann segir hafa innleitt nýjar hugmyndir og forsendur til



Sigmar Polke er höfundur þessarar byltingarstemmingar.

Rjóminn frá Epinal

listsköpunar. Sýningin á Kjarvalsstöðum er úrval verka úr safninu; verk eftir Carl Andre, Giovanni Anselmo, Richard Artschwager, Michael Buthe, Philippe Cazal, Tony Cragg, Dan Flavin, Gilbert og George, Jenny Holzer, Donald Judd, Joseph Kosuth, Richard Long, Mario



Andy Warhol sýndi fram á að dósasúpur eru ekki bara til að borða þær.



Bernard Huin safnstjóri í Epinal og Alain Kech aðstoðarmaður hans leggja síðustu höndina á að raða saman verki eftir Richard Long. Myndir - Jim Smart.



Merz, Bob Morris, Helmut Newton, Pino Pascali, Sigmar Polke, Jean Pierre Raynaud, Frank Stella, Niele Toroni, Richard Tuttle, Bernar Venet, Jacques Mahé de la Villeglé, Wolf Vostell, Andy Warhol og Gilberto Zorio.

Sýningin Alþjóðleg nútímalist er afrakstur samstarfs norræna listasafna og franska, sem hófst fyrir tveimur árum, þegar fimm frönskum safnstjórum var boðið í safnaskoðunarferð um Norðurlönd fyrir tilfalli Norrænu ráðherranefndarinnar. Boðið var endurgoldið ári seinna, en í þeirri ferð ræddi Gunnar Kvaran, listráðunautur Kjarvalsstaða, við Bernard Huin um að fá sýningu á úrvali verka frá Epinal til Kjarvalsstaða.

Áætlanir eru um að ganga frá sýningu á verkum Fernards Légers fyrir árið 1991 og senda um Norðurlönd, auk þess sem til stendur að koma af stað sýningu á nokkrum verkum Gromers frá Borgarlistasafninu í París. Af Íslands hálfu er í undirbúningi sýning á nokkrum verkum Kjarvals í Gravelin í Frakklandi á næsta ári, auk þess sem stærra farandsýningu á verkum Kjarvals er í undirbúningi. Enn fremur stendur til að koma upp sýningu á norrænni nútímalist og senda um Norðurlöndin og Frakkland árið 1992 eða 1993.

LG

Verk eftir Jacques Mahé de la Villeglé.